

REGLUGERÐ

um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni, sbr. 16. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018. Reglugerðin gildir ekki um frístundaþjónustu skv. 33. gr. a laga um grunnskóla, nr. 91/2008.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi hugtök svofellda merkingu:

1. *Almenn frístundaþjónusta grunnskóla:* Frístundaþjónusta sem öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla, 1. til 4. bekk, skal standa til boða, sbr. 33. gr. a laga nr. 91/2008.
2. *Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni:* Sértek frístundaþjónusta sem sveitarfélög skulu bjóða fötluðum börnum og ungmennum eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Þjónustan tekur við af almennri frístundaþjónustu við lok 4. bekkjar og lýkur þegar viðkomandi lýkur framhaldsskóla, sbr. 16. gr. laga nr. 38/2018.
3. *Umsækjandi:* Ungmenni og eftir atvikum persónulegur talsmaður eða barn og/eða forsjáraðili sem sækir um sérteka frístundaþjónustu, sbr. 2. tölul.

3. gr.

Markmið.

Markmiðið með reglugerð þessari er að fötluð börn og ungmenni á grunn- og framhaldsskólaaldri eigi kost á frístundaþjónustu yfir daginn meðan skóli er starfandi, þ.e. eftir að reglubundnum skóladegi lýkur og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst, svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki og þegar hefðbundnir skóladagar eru skertir. Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni skal vera samþætt almennri frístundaþjónustu fyrir börn og ungmenni á sama aldri, þegar því verður við komið. Tryggja skal samfellda þjónustu yfir daginn og vinna gegn félagslegri einangrun fatlaðra barna og ungmenna. Bjóða skal upp á innihaldsríkt frístundastarf í öruggu og skapandi umhverfi þar sem starfshættir koma til móts við þarfir hvers og eins með það markmið að efla félagsfærni og sjálfstæði.

4. gr.

Réttur til þjónustu.

Sveitarfélagi er skylt, skv. 16. gr. laga nr. 38/2018, að bjóða öllum fötluðum börnum og ungmennum, óháð rekstrarformi þess skóla sem þau sækja, upp á frístundaþjónustu eftir að reglubundnum skóladegi þeirra lýkur og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki. Umrædd þjónusta tekur við þar sem þjónusta frístundaheimila, skv. 33. gr. a laga nr. 91/2008, sleppir við lok 4. bekkjar og til loka framhaldsskóla.

Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð og á því formi sem best hentar viðkomandi. Veita skal þjónustu vegna fötlunar samhliða almennum frístundatilboðum eins og mögulegt er. Þjónustan skal taka mið af mati á stuðningsþörfum skv. 31. gr. laga nr. 38/2018 og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun, skv. 12. gr. laga nr. 38/2018 eða eftir atvikum stuðningsáætlun, sé þjónusta sem veitt er í þágu farsældar barns samþætt, sbr. 22. gr. laga nr. 86/2021.

5. gr.

Skipulag þjónustu.

Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni, ákveða skipulag starfseminnar og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir notenda

að leiðarljósi. Við skipulagningu starfsins skal, m.a. með skilvirkri upplýsingamiðlun um þarfir notenda, huga að:

- *Aðgengismálum* – Huga skal m.a. að húsnæði og öllum svæðum innan þess og utan, aðgengi að upplýsingum, nauðsynlegum hjálpartækjum, aðlögun og stuðningi til þátttöku.
- *Öryggismálum* – Öryggi barna og ungmenna skal vera tryggt.
- *Áhugamálum* – Miða þarf við að hvert barn eða ungmenni fái fjölbreytt tækifæri til að uppgötva og þróa sín áhugamál og sinna þeim.
- *Starfsfólki, m.t.t. samskipta, sveigjanleika og aðlögunar* – Lögð sé áhersla á fagmennsku, öryggi og virðingu þar sem jákvæð samskipti og lýðræðislegir starfshættir eru í hávegum hafðir, að leiðbeinendur í frístundastarfi búi yfir þekkingu og getu til að aðstoða notendur við að mynda tengsl og yfirstíga mögulegar tjáskiptahindranir, að börnum og ungmennum verði mætt á þeirra eigin forsendum og að leiðir og lausnir verði fundnar til þess að aðlaga starfið að þörfum hvers og eins.

6. gr.

Samstarf og samhæfing.

Þjónusta á grundvelli reglugerðar þessarar skal að jafnaði taka mið af metnum stuðningsþörfum og vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun eða stuðningsáætlun viðkomandi barns eða ungmennis, sbr. 12. og 19. gr. laga nr. 38/2018.

Til að tryggja samfellu í þjónustu skal leggja áherslu á samstarf þjónustukerfa félags-, heilbrigðis-, mennta- og frístundamála við gerð og framkvæmd þjónustuáætlunar, og eftir atvikum að þverfaglegt þjónustuteymi sé sett á laggirnar, sbr. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 38/2018.

Unnið skal að því að fötluð börn og ungmenni í frístundaþjónustu fái heildstæða og samþætta þjónustu eða aðstoð. Sé mál samþætt á grundvelli laga nr. 86/2021 skal tengiliður eða eftir atvikum málstjóri þjónustu í þágu farsældar barns upplýstur um þjónustuna eftir því sem þörf krefur.

7. gr.

Stuðningsþarfir.

Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni skal byggjast á metnum stuðningsþörfum fatlaðra barna og ungmenna og skal þjónustan vera hluti af einstaklingsbundinni þjónustuáætlun eða stuðningsáætlun viðkomandi barns eða ungmennis.

8. gr.

Þjónustutími.

Frístundaþjónusta fyrir fötluð börn og ungmenni tekur við þegar almennt frístundaþjónusta grunnskóla sleppir við lok 4. bekkjar og til loka framhaldsskóla. Þjónustan skal veitt eftir að reglubundnum skóladegi lýkur og eftir atvikum áður en dagleg kennsla hefst svo og á þeim dögum, öðrum en lögbundnum frídögum, þegar skólar starfa ekki og þegar hefðbundnir skóladagar eru skertir. Lögbundnir frídagar eru helgidagar þjóðkirkjunnar, sbr. lög nr. 32/1997, og aðrir lögbundnir frídagar, sbr. lög 88/1971.

Við gerð einstaklingsbundinnar þjónustuáætlunar eða stuðningsáætlunar viðkomandi barns eða ungmennis skal taka mið af skertum skóladögum í skóladagatali viðkomandi skóla og áætlun gerð um aukna þjónustu með tilliti til þess. Í þjónustu- og stuðningsáætlun skal einnig gera ráð fyrir sumarleyfum fjölskyldu á orlofstíma, sbr. lög um orlof, nr. 30/1987. Þegar um er að ræða miklar stuðnings- og umönnunarþarfir þarf að huga sérstaklega að orlofstímanum í einstaklingsbundnu þjónustuáætluninni eða stuðningsáætluninni til að ekki verði rof á þjónustu.

9. gr.

Gagnaöflun vegna umsóknar um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni.

Í reglum sveitarfélags skal kveðið á um hvort og þá hvaða gagna er krafist með umsókn um frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni og skal öflun þeirra vera unnin í samvinnu við umsækjanda og eftir atvikum tengilið og/eða málstjóra, sé þjónusta samþætt á grundvelli laga nr.

86/2021. Við meðferð umsóknar og ákvarðanatöku skal einnig hafa samvinnu og samráð við framangreinda aðila.

Vinna skal persónuupplýsingar í samræmi við 15. gr. reglugerðar þessarar.

10. gr.

Svör við umsókn.

Umsækjandi skal fá skriflegt svar við umsókn um frístundaþjónustu þar sem einnig kemur fram mat á stuðningsþörf, sbr. 7. gr. reglugerðar þessarar.

Akvörðun um að veita þjónustu skal taka svo fljótt sem kostur er.

Sé ekki unnt að veita frístundaþjónustu strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda og eftir atvikum tengilið og/eða málstjóra, um ástæður þess og hvenær þjónustan verði veitt. Ef fyrirséð er að samþykkt þjónusta geti ekki hafist innan mánaðar frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda, ásamt fyrrgreindum aðilum ef við á, um önnur úrræði á biðtíma og eftir atvikum um samþættingu þjónustu á grundvelli laga nr. 86/2021. Þá skal veita aðra viðeigandi þjónustu á meðan beðið er eftir að þjónustan sem samþykkt hefur verið hefjist.

11. gr.

Kæruheimild.

Heimilt er að kæra tafir á málsmeðferð, sbr. 4. mgr. 9. gr. stjórnssýslulaga, nr. 37/1993, og bið eftir að þjónusta hefjist til úrskurðarnefndar velferðarmála.

12. gr.

Gjaldtaka.

Ekki er heimilt að innheimta þátttökugjald fyrir frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni sem veitt er á grundvelli 16. gr. laga nr. 38/2018. Ekki er heimilt að innheimta gjald vegna þjónustu eða aðstoðar sem veitt er vegna fötlunar.

Heimilt er að innheimta gjald fyrir fæði, sérstök námskeið, ferðir eða annað sambærilegt.

Ef reglur sveitarfélags kveða á um að notendur greiði gjald, sbr. 2. mgr., vegna frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni skal samhliða reglum setja gjaldskrá.

13. gr.

Upplýsingamiðlun og eftirlit.

Í reglum sveitarfélags skulu vera ákvæði um gagnkvæma upplýsingamiðlun til að tryggja að framkvæmd sé í senn skilvirk og í þágu þeirra markmiða sem þjónustunni er ætlað að ná.

Upplýsingagjöf milli aðila getur verið útfærð með samkomulagi sveitarfélags, notanda þjónustunnar, stuðningsaðila, viðkomandi skóla og frístundaþjónustu. Með sama hætti skal kveða á um þagnarskyldu, þ.e. að stuðningsaðili undirgangist þagnarheit varðandi upplýsingar um notanda og fjölskylduhagi hans. Þagnarskyldan helst áfram eftir að þjónustu og/eða samningi lýkur.

Ef þjónustuveitandi tekur eftir og greinir vísbendingar um að þörfum barns sé ekki mætt með fullnægjandi hætti og að barnið þurfi frekari þjónustu en þegar er veitt skal hann veita foreldrum og/eða barni leiðbeiningar um samþættingu þjónustu, sbr. V. kafla. laga nr. 86/2021.

14. gr.

Skyldur starfsfólks.

Starfsfólk sem sinnir þjónustu við fötluð börn og ungmenni skal í öllum samskiptum við þau gæta þess að sýna þeim fulla virðingu og hafa mannlega reisn fatlaðs fólks að leiðarljósi í öllum störfum sínum. Starfsfólk sem starfar í þjónustu við fötluð börn og ungmenni skal standa vörð um hagsmuni þeirra og gæta þess að réttindi þeirra séu virt. Verði starfsfólk þess áskynja að réttindi fatlaðs barns eða ungmennis séu fyrir borð borin skal viðkomandi tilkynna það réttindagæslumanni í samræmi við lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, nr. 88/2011.

Hafi starfsfólk sem sinnir þjónustu við börn ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska

í alvarlega hættu skal viðkomandi tilkynna það barnaverndaryfirvöldum í samræmi við ákvæði barnaverndarlaga, nr. 80/2002.

Starfsfólki sem sinnir þjónustu við fötluð börn ber að stuðla markvisst að velferð og farsæld allra barna. Starfsfólk skal fylgjast með, taka eftir og greina vísbendingar um að þörfum barna sé ekki mætt með fullnægjandi hætti og bregðast við þeim á skilvirkan hátt. Starfsfólki sem sinnir þjónustu við fötluð börn ber að taka þátt í samstarfi í samræmi við ákvæði laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, nr. 86/2021, þ.m.t. eftir atvikum að taka sæti í stuðningsteymi.

Við ráðningu starfsfólks skulu stjórnendur tryggja að sakavottorða sé aflað, sbr. 2. mgr. 26. gr. laga nr. 38/2018.

15. gr.

Meðferð persónuupplýsinga.

Meðferð persónuupplýsinga, sem unnið er með við framkvæmd reglugerðar þessarar, skal samrýmast lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, nr. 90/2018. Þess skal gætt að aðgangur að upplýsingum sé ekki umfram það sem nauðsyn krefur, sem og að öryggi þeirra sé tryggt.

16. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett með stoð í 2. mgr. 16. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.